

147 22. nóv. Norðurárdalshrepp, verði í góðu og færri standi, mundi geta orðið fullgjört næsta sumar, ef 16 duglegir menn ynni að verkinu í 3 mánuði, og, yrðu verkalaunin hin sömu og í sumar, teljist svo til, að það mundi kosta samtals 4720 kr. Hafid þjer, herra amtmaður því lagt það til, að haldið verði áfram með þennan fjallveg í sumar að kemur, með þeirri fyrirætlun, að koma þá af allri vegagjörðinni byggða á milli.

Jeg legg því hjer með samþykki á, að vegagjörðinni verði haldið áfram og komið af sumarið 1878, á þann hátt, er þjer stingið upp á, herra amtmaður, og læt þjerfi þessu fylgja ávísun á þær 2171 kr. 74 a., sem eptir eru af kostnaðinum til verksins þetta ár.

Jeg bæti því við, að jeg álit að vísu sjálfsagt, að sýslunefndirnar í Strandasýslu og Mýrasýslu sjái um, að gjört verði almennilega við sýsluvegi þá, er liggja að fjallveginum yfir Holtavörðubeiði, um leið og lokið er við aðalvegabótina á honum, en vil þó hjer með biðja yður þjónustusamlega, herra amtmaður, að leiða athygli sýslunefndanna að því, að nauðsynlegt sje að gjöra þær ráðstafanir í þessu efni, sem á þarf að halda.

Úthlutun

148 29. nóv. á samskotum þeim, er safnað var í Danmörku, Noregi og Englandi handa Íslendingum, þeim er tjón biðu af eldgosunum árið 1875, að svo miklu leyti sem þeim hefir verið úthlutað af mjer eða að minni tilhlutun.

	kr.	aur.
1. Gjafir, er nefndin í Kaupmannahöfn safnaði	28454	95
(í því eru fölgirnir vextir af samskotafjenu: 2039 kr. 51 e.).		
2. Gjafir, er safnað var í Noregi	12640	41
(í því eru og fölgirnir vextirnir: 720 kr. 29 a.).		
3. Leifar af samskotunum á Englandi	5538	60
(í því eru sömuleiðis fölgirnir vextirnir: 138 kr. 60 a.).		
	alls	46633 96

Þessu fje hefir verið úthlutað þannig:

- Handa 17 búendum í Jökuldal, er urðu að flytja sig af jörðunum sakir öskufallsins, og til skaðabóta fyrir rýrnun þá til lengdar, er þær urðu fyrir 10000 "
- Handa eiganda Reykjahlíðar við Mývatn, í skaðabætur fyrir skemmdir þær, er þessi jörð varð fyrir af hraunflóði 500 "
- Úthlutað af sýslunefndunum, bæði til þess að bæta úr bráðri neyð sakir öskufallsins, og í skaðabætur fyrir skammvinnari skemmdir á jörðunum:
 - í Norður-Múlasýslu 9884 kr. 25 a.
 - í Suður-Múlasýslu 11279 — 75 - 21164 "
- Til þess að stofna sjóð til styrktar, er önnur eins eldgos eða því-lik ber að höndum hjer á landi, og skuli verja vöxtunum af sjóði þessum til að efla landbúnað í Múlasýslum og önnur fyrirtæki þar til almenningsheilla:

lagðar í sjóð í þessu skyni 16500 kr. í ríkisskuldabréfum og varið til að kaupa þau 14939 61
- Í burðareyri undir peninga o. fl. hafa farið 30 35 46633 96

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 29. nóvbr. 1877.

Hilmar Finsen.